

Mánudaginn 23. júní 1952.

Nr. 75/1952. **Árnason, Pálsson & Co h/f**
 gegn
H/f Rafmagni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 23. júní 1952.

Kærumálið nr. 11/1952.

Þorkell Björnsson

gegn

Bæjarstjóra Akureyrar f. h. bæjarsjóðs.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 30. maí s.l., sem hingað barst 10. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært til Hæstaréttar dóm bæjarþings Akureyrar 30. maí þ. á., þar sem máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja var vísað frá dómi.

Sóknaraðili krefst þess, að héraðsdómurinn verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann. Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnaraðilja kr. 300.00 í kærumálskostnað.

Það athugast, að höfðun máls þessa og kæra héraðsdóms var að ófyrirsynju.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Þorkell Björnsson, greiði varnaraðilja, bæjarstjóra Akureyrar f. h. bæjarsjóðs, kr. 300.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 30. maí 1952.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar þann 23. þ. m., hefur stefnandi, Þorkell Björnsson, bóndi að Kífsá í Glæsibæjarhreppi, höfðað hér fyrir dómi eftir árangurslausa sáttatilaun með stefnu, útgefinni 29. marz s. l., á hendur Steini Steinsen bæjarstjóra f. h. bæjarstjórnar Akureyrar og gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 40.000.00 eða aðra upphæð lægri eftir mati sem skaðabætur auk 6% árs-vaxta frá útgáfudegi sáttakæru 19. febrúar s. l. til greiðsludags og málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómara.

Stefndi krefst aðallega frávísunar og málskostnaðar úr hendi stefnanda. Til vara er kröfu stefnanda mótmælt sem rangri og óhæfilega hárrí og þess krafizt, að bætur til handa stefnanda verði dæmdar samkvæmt mati dómkvaddra manna og stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir reikningi eða mati dómara.

Stefnandi gerir þannig grein fyrir máli sínu, að sumarið 1950 hafi starfsmenn vatnsveitu Akureyrar byrjað að færa saman kaldavermslalindir í landareign Kífsár, setja stíflur í lækí o. fl. án heimildar stefnanda, sem er eigandi jarðarinnar. Næsta sumar var verki þessu haldið áfram, og heimilaði stefnandi það með þeirri forsendu, að fyrir vatnsvirkjunina yrðu greiddar bætur og um þær samið, áður en verkinu yrði framhaldið. Stefndi hafi hins vegar ekki fengizt til að greiða neinar bætur né semja um þær. Stefndi telur, að nú þegar muni vera búíð að veita í vatnsveitukerfi Akureyrar úr Kífsárlandi um 10 sekúndulítrum vatns. Komnir séu miklir skurðir, pípulagnir, stíflur, vegatroðningar o. s. frv. í landi jarðarinnar. Fyrir vatnstökuna, jarðrask í því sambandi o. fl. krefst stefnandi að fá dæmdar bætur samkvæmt því, er fyrir var greint.

Málflutningur um frávísunarkröfu stefnda hefur farið fram sérstaklega, og verður einungis dæmt um þá hlið málsins að þessu sinni.

Frávísunarkröfuna byggir stefndi á eftirfarandi. Samkvæmt 25. gr. vatnalaganna nr. 15/1923 er bæjarstjórn rétt að taka vatn til þarfa vatnsveitu kaupstaðar í landareign annarra, enda séu landeigendur ekki sviptir

með því vatni til heimilis- og búþarfa sinna samkvæmt III. kafla vatnalaganna. Samkvæmt 26. gr. sömu laga er landeiganda skylt að láta í té land og landsafnot í þarfir vatnsveitu kaupstaðar og þola þær eignarkvaðir og óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér. Fyrir þetta skal greiða bætur eftir mati, nema samkomulag verði. Stefndi telur, að landeigandi hafi ekki verið sviptur neytluvatni til heimilis og búþarfa sinna með vatnstöku bæjarstjórnar í Kífsárlandi, og vatnstakan hafi farið fram með vitund hans og samþykki. Náist ekki samkomulag um bætur fyrir landsafnot og annað, sem skylt er að bæta landeiganda í sambandi við vatnstökuna samkvæmt 26. gr. vatnalaganna, skal ákveða bætur eftir mati. Mál út af slíkum ágreiningi ber ekki undir úrskurð dómstóla, heldur hlitir reglum XVI. kafla vatnalaganna.

Stefnandi mótmælir því, að frávísunarkrafan verði tekin til greina. Vatnstaka stefnda hafi verið formlega ólögleg, þar sem ekki hafi verið aflað ráðherraleyfis samkvæmt 143. gr. vatnalaganna, sbr. 32. gr., 2. lið, og ekki hafi verið beðið um eignarnám samkvæmt vatnalögunum. Hér sé því ekki um að ræða töku vatns samkvæmt þeim lögum, og stefnandi eigi engan annan kost en heimta sér bætur með málssókn, þar sem stefndi hafi ekki fengizt til að semja um bætur eða láta fara fram eignarnám.

Af gögnum málsins verður séð, að með bréfi 28. ágúst 1951 heimilar stefnandi stefnda að hefjast handa um töku neytluvatns úr lindum í Kífsárlandi. Jafnframt tilkynnir hann, að hann hafi falið Jóni Sveinssyni hdl. að gera samninga fyrir sína hönd um vatnstökuna. Með bréfi, dags. 10. október 1951, sendi nefndur lögmaður samningsuppkast til stefnda um neytluvatnstökuna, en stefndi tók ekki afstöðu til uppkastsins. Afturkallaði stefnandi það síðan með bréfi 14. des. s.l. Að lokum bannaði stefnandi stefnda með bréfi 26. marz s.l. frekari vatnstöku úr Kífsárlandi og höfðaði mál þetta um svipað leyti.

Samkvæmt 26. gr. vatnalaganna nr. 15/1923 skal ákveða með matsgerð eftir 16. kafla laganna (sbr. 146. gr., 1. tölulið) bætur fyrir landsafnot og jarðrask í þarfir vatnsveitu kaupstaðar, og ágreiningur um vatnstöku skal til lykta leiddur með sama hætti samkvæmt 4. lið 25. gr. laganna. Í máli því, sem hér um ræðir, er stefnt til bótagreiðslu fyrir vatnstöku, jarðrask og landsþjöll í því sambandi vegna vatnsveitu Akureyrarkaupstaðar. Slíkt mál ber að leiða til lykta með þeim hætti, er fyrrnefnd ákvæði vatnalaganna segja fyrir um. Ekki verður séð, að máli skipti í þessu sambandi, þótt stefndi hafi ekki aflað sér ráðherraleyfis til eignarnáms, enda fékkst leyfi stefnanda sjálfs þann 28. ágúst 1951. Stefnanda er og innan handar að fá metnar bætur sér til handa samkvæmt nefndum lögum, hvenær sem hann telur sér henta. Af þessu leiðir að taka ber til greina frávísunarkröfu stefnda og vísa máli þessu frá dómi. Eftir þeim málalokum ber samkvæmt 180. gr. laga nr. 85/1936 að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 350.00.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá dómi.

Stefnandi, Þorkell Björnsson, greiði stefnda, Steini Steinsen f. h. bæjarstjórnar Akureyrar, kr. 350.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. júní 1952.

Kærumálið nr. 12/1952.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
 gegn
Jóni Dúasyni.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 31. maí þ. á., er hingað barst 13. þ. m., hefur sóknaraðili kært dóm bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 30. maí þ. á., en með honum var máli sóknaraðilja á hendur varnaraðilja vísað frá dómi. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 300.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði varnaraðilja, Jóni Dúasyni, kærumálskostnað, kr. 300.00.